

Vorstjarnan, félagasamtök
Bolholti 6
105 Reykjavík

Kennitala: 4904211060

Reykjavík, 6. maí 2026
Málsnúmer: 20250704411

**Efni: Ákvörðun fyrirtækjaskrár Skattsins vegna andmæla við skráningu nýrrar stjórnar
Vorstjörnunnar, félagasamtök.**

Málsatvik:

Hinn 4. júlí 2025 bárust fyrirtækjaskrá Skattsins formleg andmæli frá Daníel Isebarn Ágústsson f.h. Sigrúnar Unnsteinsdóttur (hér eftir málsbeiðandi) við væntanlegri skráningu nýrrar stjórnar í Vorstjörnunni, félagasamtök, kt. 490421-1060 (hér eftir Vorstjarnan eða félagið). Áður höfðu borist tölvupóstar frá málsbeiðanda og lögmanni hennar 1. og 3. júlí þar sem óskað er eftir leiðbeiningum um hvað hægt væri að gera þegar deilur væru um lögmeiti stjórnarkjörs. Tilkynning um breytingu á stjórn félagsins barst fyrirtækjaskrá í tölvupósti hinn 14. júlí 2025 frá Söru Stef. Hildardóttur, gjaldkera Vorstjörnunnar. Hinn 28. júlí 2025 upplýsti fyrirtækjaskrá Söru fyrir hönd nýkjörinnar stjórnar (hér eftir gagnaðili) um framkomin andmæli og var gagnaðila gefinn kostur á, til og með 18. ágúst 2025, að koma á framfæri andsvörum og eftir atvikum gögnum til fyrirtækjaskrár vegna andmælanna. Að beiðni gagnaðila, dags. 18. ágúst 2025, var fresturinn framlengdur til og með 25. ágúst 2025. Þann dag bárust fyrirtækjaskrá andsvör gagnaðila ásamt fylgigögnum. Hinn 26. ágúst 2025 tilkynnti fyrirtækjaskrá málsbeiðanda með tölvupósti um framkomin andsvör gagnaðila, og honum gefinn frestur til og með 17. september 2025 til að senda fyrirtækjaskrá athugasemdir sínar við þeim. Hinn 17. september 2025 bárust fyrirtækjaskrá svör málsbeiðanda vegna fyrrgreindra andsvara gagnaðila.

Fyrirtækjaskrá telur málið nægilega upplýst og er það því tekið til ákvörðunar.

Málsástæður og rök

Helstu málsástæður og rök málsbeiðanda og gagnaðila verða hér reifuð. Farið verður yfir það sem máli skiptir fyrir niðurstöðu þessa máls en vísað er til fylgigagna hvað aðrar málsástæður varðar.

Fyrirtækjaskrá bárust formleg andmæli frá málsbeiðanda í tölvupósti 4. júlí 2025. Málsástæður málsbeiðanda voru eftirfarandi:

Í andmælum er vísað til fyrri tölvupósta Sigrúnar Unnsteinsdóttur, stjórnarmanns Vorstjörnunnar, til fyrirtækjaskrár, dags. 1. júlí 2025, og Daníels Isebarn Ágústssonar, lögmanns hennar, dags. 3. júlí 2025. Í fyrrnefndum tölvupóstum kemur m.a. fram að málsbeiðandi telji að yfir standi tilraun til ólöglegrar yfirtöku á félaginu Vorstjörnunni. Framangreindum póstum og formlegum andmælum er

ætlað til að vara fyrirtækjaskrá við ólögnum aðgerðum og koma í veg fyrir að ólöglegar breytingar og skjöl verði skráð hjá fyrirtækjaskrá.

Í formlegum andmælum málsbeiðanda, móttækin dags. 4. júlí 2025, kemur fram að fyrirtækjaskrá kunni að hafa borist eða muni berast tilkynning um nýja stjórn í Vorstjórnunni en sú tilkynning sé ólöglegt þar sem ný stjórn hafi ekki verið kjörin með lögnum hætti. Málsbeiðandi telur að þeir sem standi að tilkynningu um nýja stjórn geti ekki reitt fram gögn sem sýni fram á lögmæti nýrrar stjórnar. Þá er því haldið fram að Sigrún Unnsteinsdóttir sé enn stjórnarmaður í Vorstjórnunni og er þess krafist að breytingar á stjórn Vorstjórnunnar verði ekki skráðar.

Málsbeiðandi byggir á því að meintur aðalfundur félagsins, sem haldinn var 30. júní 2025, hafi verið ólöglegur, bæði að formi og efni. Þar með væri stjórnarkjör sem fram fór á fundinum einnig ólöglegt.

Fyrst og fremst er byggt á því að aðalfundurinn hafi ekki verið boðaður af stjórn félagsins. Stjórn var/er skipuð þremur einstaklingum, en einn þeirra lést nýlega, því eru tveir skráðir stjórnarmenn eftir í stjórninni, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Védís Guðjónsdóttir, sbr. vottorð úr fyrirtækjaskrá.

Ákvarðanir stjórnar félags skulu teknar sameiginlega á stjórnarfundum. Málsbeiðandi fullyrðir að engar ákvarðanir er varða aðalfund þennan hafi verið teknar á slíkum fundi. Védís hafi ein boðað til aðalfundar, án samráðs við Sigrúnu og án þess að tilkynna henni um fundinn. Jafnframt hafi ekki verið þörf á að halda fundinn á þessum tímapunkti því skv. 6. gr. samþykktu félagasamtakanna skuli halda aðalfund eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Þar sem stjórn tók ekki ákvörðun um boðun fundarins er boðun hans þá þegar ólöglegt af þeirri ástæðu, sbr. meginreglu félagaréttar að stjórn boði aðalfund félags sem m.a. kemur fram í 1. mgr. 87. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Málsbeiðandi rekur einnig hvernig boðun aðalfundarins hafi ekki verið send réttum aðilum og vísar þar að auki til fleiri ætlaðra annmarka á framkvæmd fundarins. Fyrirtækjaskrá telur þann hluta andmællanna ekki hafa áhrif á loka niðurstöðu málsins og verður því ekki farið nánar í það hér. Vísast um það að öðru leyti til málgagna.

Að lokum er því haldið fram að fyrrgreindir annmarkar leiði til þess að aðalfundurinn hafi verið ólöglegur og þar af leiðandi séu allar ákvarðanir sem þar voru teknar, þar á meðal um stjórnarkjör, ógildar. Með því telur málsbeiðandi að brotið hafi verið gegn lögum, samþykktum félagsins og meginreglum félagaréttar.

Þá skorar málsbeiðandi á hina meintu nýju stjórn að leggja fram gögn sem sýni fram á að hún hafi verið löglega kjörin, þar á meðal fundargerð stjórnarfundar þar sem ákvörðun um boðun aðalfundar var tekin, gögn sem sýni lögmæta boðun aðalfundar, upplýsingar um hverjum hún var send og hvar fundurinn var auglýstur, ásamt því að sýna hvernig stjórn og framkvæmd fundarins fór fram.

Með hliðsjón af framangreindu telur málsbeiðandi ljóst að ný stjórn hafi ekki verið löglega kjörin í Vorstjórnunni hinn 30. júní 2025. Af þeirri ástæðu beri að vísa frá eða hafna öllum tilkynningum um breytingar á stjórn félagsins. Komi til álita að skrá nýja stjórn er þess óskað að málsbeiðandi verði send þau gögn sem stafa frá hinni meintu nýju stjórn og að honum verði gefinn kostur á að koma að andmælum áður en skráning fer fram.

Fyrirtækjaskrá bærust andsvör gagnaðila í tölvupósti 25. ágúst 2025. Málsástæður gagnaðila voru eftirfarandi:

Hér verða ekki rakin andmæli gagnaðila í heild sinni, heldur verða einungis reifuð þau atriði í andmælunum sem talin eru skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls.

Því er haldið fram að Sigrún sé í raun ekki aðili málsins, þar sem hún sé leppur fyrir Sósíalístaflokk Íslands, kt. 560914-0240, (hér eftir Sí) en yfir standi miklar deilur þeirra við gagnaðila. Þá þegar ætti að vísa frá erindinu vegna aðildarskorts og skorts á lögsvörðum hagsmunum þar sem Sí sé

raunverulegur kvartandi. Síðan fullyrðir gagnaðili að sama gildi um aðild Sigrúnar persónulega. Hana skorti einnig lögvarða hagmundi af úrlausn málsins þar sem hún sé fyrrum stjórnarmaður félagsins en ekki núverandi. En slíkar deilur heyri undir dómstóla en ekki fyrirtækjaskrá. Jafnframt telur gagnaðili að fyrirtækjaskrá sé ekki bær til þess að endurskoða efnislegar gerðir sjálfstæðra félaga og úrskurða um lögmæti þeirra, það úrlausnarvald tilheyri dómstólum.

Gagnaðili byggir á því að málsbeiðandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti, enda hafi engar athugasemdir verið gerðar við lögmæti aðalfundarins fyrr en með erindi lögmanns frá 4. júlí 2025. Hvorki hafi verið andmælt á fundinum sjálfum né í kjölfari hans, þ.m.t. í fjölmíðlum eða á samfélagsmiðlum.

Fullyrft er að ákvörðun um boðun aðalfundar hafi verið lögmæt. Védís Guðjónsdóttir hafi óumdeilanlega verið stjórnarformaður Vorstjórnunnar. Hún hafi tekið ákvörðun um að boða til aðalfundar. Í fyrsta lagi til að hlíta ábendingu fyrirtækjaskrár frá 12. júní sl., þar sem félaginu var m.a. bent á að það þurfi að halda aðalfund og kjósa stjórn í samræmi við samþykktir félagsins áður en hægt væri að skrá breytingu á stjórn þess.¹ Í öðru lagi hafi verið ákveðið að boða fund skv. eigin mati Védísar og skv. ráðgjöf lögmanns hennar. Síðast en ekki síst hafi aðalfundur verið viðbrögð við kröfum frá báðum fylkingum í deilum aðila um að halda skyldi aðalfund sem fyrst.

Því er haldið fram að þegar send var út boðun aðalfundar hinn 16. júní sl. hafi Védís verið í góðri trú um að hún væri ein í stjórn. Sú afstaða byggðist að miklu leyti á atvikum á stjórnarfundum hinn 1. júní 2022 þar sem fram kemur í fundargerð þess fundar að Sigrún hafi óskað eftir að láta af störfum sem gjaldkeri félagsins og að Sara Stef. taki við því hlutverki. Þessa fundargerð undirrita þær þrjár sem sátu fundinn, Védís, Sigrún og Sara. Gagnaðili telur að af því megi leiða að Sigrún hafi þar jafnframt verið að láta af störfum sem stjórnarmaður. Tómlæti hennar á árum 2022-2024 við að sinna stjórnarstörfum styðji þann skilning Védísar að Sigrún hafi ekki aðeins verið að segja af sér gjaldkerastöðu heldur sem stjórnarmaður líka. Þetta hafi verið skilningur Védísar þar til hún fékk hinn 18. júní sent vottorð félagsins frá fyrirtækjaskrá og þá séð að hún og Sigrún væru báðar skráðar í stjórn félagsins.

Gagnaðili segir það hluta af stöðuumboði stjórnarformanns að ákveða að verða við kröfum innan félags og utan, sbr. ábendingu fyrirtækjaskrár dags. 12. júní 2025, um að halda aðalfund hið fyrsta og ákveða nákvæma tímasetningu hans og staðsetningu. Þá tekur gagnaðili fram að dagskrá aðalfundar hafi verið í samræmi við samþykktir félagsins og var vísað til þeirra í fundarboði stjórnarformanns og þeim fylgt af fundarstjóra á aðalfundi.

Varðandi sjálfa boðun fundarins leggur gagnaðili áherslu á að málsbeiðandi hafi haft vitneskju um fundinn, hún hafi mætt á hann, tekið þátt og ekki gert athugasemd við lögmæti boðunar. Engar athugasemdir voru gerðar við þátttöku hennar á fundinum og var hún skráð sem fundarmaður eins og aðrir. Að lokum byggir gagnaðili á því að ekki sé hægt að hnekkja lögmæti aðalfundar á grundvelli ætlaðra formgalla við boðun, þegar ljóst sé að fundurinn hafi verið haldinn, boðaður með nægilegum fyrirvara, kynntur opinberlega og vel sóttur, meðal annars af málsbeiðanda.

Um afhendingu gagna sem málsbeiðandi óskar eftir tekur gagnaðili fram að ekki hafi verið haldinn sérstakur stjórnarfundur fyrir aðalfundinn þar sem stjórnarformaður hafi talið sig eina í stjórn og brýnt hafi verið að halda aðalfund. Því séu ekki til fundargerðir um slíkar ákvarðanir. Ákvörðun um

¹ Athugasemd fyrirtækjaskrár til skýringa: Fyrirtækjaskrá barst tilkynning um breytingu á stjórn félagsins móttokin 2. júní 2025. Hinn 12. júní 2025 gerði fyrirtækjaskrá athugasemd við að fjöldi stjórnarmanna samkvæmt tilkynningunni væri ekki í samræmi við samþykktir félags. Þá bæri að kjósa stjórn á aðalfundi félagsins en samkvæmt móttækinni fundargerð hefði stjórnin verið kjörin á stjórnarfundum.

fundarboð hafi fallið innan heimilda stjórnarformanns. Boðun aðalfundar hafi verið í samræmi við aðstæður og með fullnægjandi hætti sent fundarboð á félagsmenn og auglýst í fjölmiðlum.

Varðandi lögmætt kjör stjórnar ítrekar gagnaðili að það hafi verið í samræmi við viðurkennda framkvæmd á kosningu nýrra stjórnar.

Í niðurlagi er fullyrt að ný stjórn hafi verið löglega kjörin og bent er á að fundurinn hafi farið fram, verið vel sóttur og fundargerð liggja fyrir. Þá er byggt á því að fundargerð njóti sönnunargildis þar til annað sé sannað og að úrlausn um gildi hennar falli undir dómstóla en ekki fyrirtækjaskrá.

Að öllu framangreindu virtu er þess krafist að erindi málsbeiðanda verði vísað frá, en til vara að erindi sé hafnað efnislega. Jafnframt er gerður áskilnaður til frekari andsvara.

Fyrirtækjaskrá bárust svör frá málsbeiðanda við andsvörum gagnaðila í tölvupósti 17. september 2025. Málsástæður málsbeiðanda voru eftirfarandi:

Vísað er til fyrri erinda til fyrirtækjaskrár og ítrekar þau sjónarmið sem þar koma fram.

Málsbeiðandi tekur fyrir fullyrðingu gagnaðila að stjórnvöld geti ekki tekið ákvörðun um það hvort tilteknar upplýsingar skuli færðar í fyrirtækjaskrá, það sé einungis hlutverk dómstóla. Hið rétta sé að stjórnvöld fara með ýmis verkefni og taka fjölmargar ákvarðanir, þó dómstólar geti endurskoðað þær. Eitt verkefna fyrirtækjaskrár er að gæta þess að fyrirtækjaskrá hafi að geyma réttar upplýsingar um félög. Slík stjórnsýsla er ekki inngríp í félagafrelsi heldur sé það mikilvægt til þess að tryggja og vernda félög gegn því að hver sem er geti skráð hvaða upplýsingar sem er um félög.

Um aðild Sigrúnar og lögvarða hagsmuni hennar af málinu þá sé hún stjórnarmaður í félaginu, það sé skráð hjá fyrirtækjaskrá. Mál þetta lúti allt að því að reynt var að halda aðalfund og taka ýmsar ákvarðanir án hennar aðkomu sem stjórnarmanns. Var meðal annars reynt að koma henni út úr stjórn félagsins og samþykkja ársreikning sem Sigrún hafði hvorki staðið að né samþykkt. Málsbeiðandi hefur þannig bæði aðild og lögvarða hagsmuni af málinu.

Mál þetta lýtur eins og áður segir að því hvort tilkynning um nýja stjórn í Vorstjórnunni sé rétt, þ.e. hvort um sé að ræða stjórn sem hefur lögmætt umboð frá félaginu. Ágreiningur sé um hvort að aðalfundur, þar sem ný stjórn Vorstjórnunnar var kjörin, hafi verið lögmætur. Byggir málsbeiðandi á því að fundurinn hafi verið ólögmætur þar sem ekki var staðið rétt að boðun hans og því séu allar ákvarðanir sem þar voru teknar ógildar. Þar á meðal ákvörðun um stjórnarkjör. Stjórn Vorstjórnunnar sé fjölskipuð skv. samþykktum félagsins og hún sé einungis bær til þess að taka ákvörðun þegar stjórnarmenn koma saman á stjórnarfundum. Stjórnarformaður hefur ekki einn heimild til þess að ákveða og auglýsa aðalfund. Einungis stjórn félagsins, þ.e. þegar stjórnarfolk kemur saman á lögmætum stjórnarfundum, getur ákveðið að halda aðalfund og auglýsa hann. Samkoma verður þannig ekki aðalfundur Vorstjórnunnar nema stjórn félagsins hafi ákveðið og boðað til fundarins. Jafnvel þó hópur fólks komi saman og fullyrði að það sé að halda aðalfund félags þá hefur það enga þýðingu ef fundurinn er ekki í raun aðalfundur þess félags.

Málsbeiðandi telur ekkert sé komið fram í andsvörum sem sýni fram á að fullnægt hafi verið skilyrðum til að halda lögmætann aðalfund. Þannig leggur lögmaður gagnaðila hvorki fram né sýnir með öðrum hætti að stjórn hafi staðið að ákvörðun um fundinn og auglýsingu um hann. Í raun sé viðurkennt að stjórn hafi ekki staðið að ákvörðun eða boðun fundarins og ekki staðið að undirbúningi hans. Í erindinu kemur fram fullyrðing um að gagnaðila hafi verið heimilt að sniðganga stjórnina og félagatalið. Í erindinu er því haldið fram að Védís hafi upp á eigin spýtur verið heimilt að framkvæma öll þau atriði sem stjórn ber að gera í sameiningu. Að lokum er því haldið fram að heimilt hafi verið að líta fram hjá félagatali og miða boðun við skráningar fólks í félagið nokkrum dögum fyrir fundinn. Engin þessara fullyrðinga hefur nokkra stoð í lögum eða samþykktum félagsins.

Málsmeðferðarreglur félagaréttar eru ekki léttvægar enda eiga þær að tryggja lögmætar og efnislega réttar ákvarðanir. Dómstólar hafa af þessum sökum gert miklar kröfur til þess að formreglum sé fylgt í hvívetna. Vísað er til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 714/2012 en atvik þess eru að mörgu leyti

sambærileg þeim sem hér eru til úrlausnar að mati gagnaðila. Í málinu höfðu verið lausatök við boðun fundar og leiddi það til þess að stjórnarkjör á fundinum var ólögmætt. Af því leiddi svo að löggerningar hinnar ólögmætu stjórnar voru ógildir. Hæstiréttur hafnaði bæði málsástæðum um grandleysi tengdra aðila og að ólögmætar athafnir yrðu lögmætar fyrir tómlæti.

Stjórn Vorstjórnunnar er fjölskipuð og stjórnarmenn geta ekki verið í góðri trú um annað. Sigrún er skráður stjórnarmaður Vorstjórnunnar og hefur aldrei sagt sig úr stjórninni. Á tímabili var hún einnig gjaldkeri félagsins ásamt því að vera stjórnarmaður. Stjórnarmaður og gjaldkeri félags er ekki það sama sem sést m.a. af því að Sara Stef. Hildardóttir er gjaldkeri Vorstjórnunnar en ekki stjórnarmaður. Sigrún sagði af sér sem gjaldkeri félagsins en ekki sem stjórnarmaður. Ef hún hefði ætlað að segja af sér sem stjórnarmaður þá hefði hún tekið það fram. Það er þannig alveg skýrt að Sigrún sagði einungis af sér sem gjaldkeri en ekki stjórnarmaður og Védís eða aðrir geta ekki verið í góðri trú um annað. Að sama skapi getur misskilningur stjórnarmanna um heimildir sínar, lög og reglur ekki veitt stoð fyrir ólögmætum ákvörðunum og athöfnum. Í erindi lögmanns gagnaðila kemur raunar víða fram að Védís vissi af því að Sigrún væri enn í stjórn löngu fyrir aðalfundinn.

Þess ber að geta að nokkrum dögum eftir að Sigrún hætti sem gjaldkeri var annar stjórnarfundur í Vorstjórninni. Sigrún hætti sem gjaldkeri 1. júní 2022 en þann 10. júní 2022 var stjórnarfundur í Vorstjórninni og þann fund sat Sigrún sem stjórnarmaður, ásamt Védísi og Söru. Því enn skýrara að Védís var alls ekki í góðri trú um að Sigrún hefði hætt í stjórninni 1. júní 2022.

Í erindi gagnaðila er ranglega fullyrt að Védís hafi haft stöðuumboð til þess að taka ákvarðanir sem stjórn á að taka. Tilgangurinn með fjölskipaðri stjórn er að koma í veg fyrir að einn einstaklingur verði einráður í félagi. Védís hefur ekki stöðuumboð til þess að taka ein, án aðkomu stjórnar, allar þær ákvarðanir sem stjórn á að taka. Ef slíkt stöðuumboð yrði samþykkt væri í raun verið að veita einni manneskju öll þau völd sem ætlað er að taka í fjölskipaðri stjórn. Engar reglur hvorki í settum lögum né almennum reglum félagaréttar fela það í sér að einn stjórnarmaður geti tekið sér öll þau völd sem stjórn í heild sinni er ætlað að hafa. Sérstaklega ekki ákvarðanir er varða stærstu atriðin í rekstri félagsins. Í því felst mótsögn að halda fram að Védís hafi verið í góðri trú um að hún væri ein í stjórn en um leið að hún hafi haft stöðuumboð til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd stjórnarinnar í heild, enda felst í því að stjórnarmenn eru fleiri en einn.

Í niðurlagi málsbeiðanda er ítrekuð krafa um að synjað verði um skráningu á nýrri stjórn Vorstjórnunnar.

Niðurstaða:

Líkt og rakið er að framan lítur ágreiningur málsins að því hvort að meintur aðalfundur Vorstjórnunnar, haldinn 30. júní 2025, hafi verið lögmætur og þar með hvort fyrirtækjaskrá skuli skrá breytingar á stjórn félagsins sem tilkynnt var um dags. 14. júlí 2025.

Aðilar málsins hafa einnig fjallað um fjölmörg önnur atriði og deiluefni innan félagsins. Fyrirtækjaskrá telur þau ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls. Með vísan til 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þykir ekki ástæða til að rekja málsatvik og málsástæður málsaðila frekar en þegar hefur verið gert. Hvað önnur atriði um málsatvik og ágreiningsefni aðila varðar vísast til erinda málsaðila.

Um starfsemi fyrirtækjaskrár gilda lög nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá (fskl.). Í 3. gr. laganna segir að fyrirtækjaskrá skuli halda aðgreinanlegar skrár yfir þar tilteknar tegundir félaga. Í 4. gr. laganna er mælt fyrir um hvaða upplýsingar skuli skrá. Samkvæmt 6. tl. ber meðal annars að skrá nafn, lögheimili og kennitölu stjórnar- og varamanna, prókúruhafa, framkvæmdastjóra og annarra forráðamanna félags. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. fskl. er félögum sem skráð eru í fyrirtækjaskrá skylt að tilkynna ríkisskattstjóra um allar breytingar er varða skráningu skv. 1.–8. tölul. 4. gr. Ríkisskattstjóri metur hvort veittar upplýsingar séu réttar og fullnægjandi og krefur eftir því sem við á tilkynningarskylda aðila um frekari upplýsingar eða aflar þeirra sjálfstætt, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna.

Eitt af hlutverkum fyrirtækjaskrár að halda utan um og skrá tilkynningar er varða stjórnir hvers kyns félaga. Því leikur enginn vafi á því að fyrirtækjaskrá sé heimilt að taka ákvörðun um atriði er varða tilkynningu um breytingu á stjórn og prókúru félagsins.

Í erindi gagnaðila, frá 25. ágúst 2025, er farið fram á að málinu verði vísað frá á þeim grundvelli að málsbeiðandi sé ekki aðili máls. Fyrirtækjaskrá telur ljóst að málsbeiðandi sé aðili máls í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stjórnarmaður félags á aðild og beina lögvarða hagsmuni að málum er varða tilkynningar þar sem reynt er að skrá hann úr stjórn félagsins og skrá aðra í stjórnina í staðinn. Kröfu um frávísun vegna aðildarskorts er hafnað.

Við skráningu ber fyrirtækjaskrá að fara eftir þeim réttarreglum sem gilda um viðkomandi félagiform. Mikilvægt er að líta til þess að ekki hafa verið sett sérstök lög um almenn félagasamtök hér á landi. Því mótast réttarstaða félagasamtaka af ákvæðum samþykta viðkomandi félags og meginreglum félagaréttar. Auk þess sem víða er að finna í lögum ákvæði sem varða einstaka þætti í starfsemi almennra félaga, t.d. í lögum um fyrirtækjaskrá og lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903 (firmalög), sem eðli máls samkvæmt verður ekki vikið til hliðar með samþykktum.

Með skráningu félags í fyrirtækjaskrá er leitast við að tryggja vitneskju manna um félög, hagi þess, hverjir eru í forsvari fyrir rekstrinum og hverjir geta skuldbundið félögin. Eins og rakið er hér að framan getur fyrirtækjaskrá óskað eftir upplýsingum til að tryggja rétta skráningu í samræmi við þær reglur sem gilda. Í samþykktum almennra félagasamtaka er að finna þann ramma og þær reglur sem viðkomandi félagi hafa verið settar, til viðbótar við þær lagareglur sem um þau gilda.

Almennar forsendur skráningar og breytingar á skráningu félags í fyrirtækjaskrá Skattsins eru að þar til bærir aðilar hafi tekið þær ákvarðanir er varða skráningu félags með lögmætum hætti, sbr. 7. gr. fskl. Mál þetta varðar lögmæti meints aðalfundar sem haldinn var 30. júní 2025. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um hvort fundurinn hafi verið boðaður af þar til bærum aðilum og síðan lögmæti hans. Fundurinn var óumdeilanlega boðaður af formanni Vorstjórnunnar.

Í 1. mgr. 62. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög og í 1. mgr. 87. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög segir að félagsstjórn annast boðun til hluthafafundar. Í þessum orðum felst að hvorki stjórnarformaður né aðrir hafa heimild til að boða hluthafafund einir heldur verði að koma fram í boðun fundar að hann sé boðaður af stjórn félagsins.

Í 6. gr. samþykta Vorstjórnunnar, dags. 8. mars 2021, segir að aðalfund skuli halda eigi síðar en 1. nóvember ár hvert og skuli boða til hans með minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur sé lögmætur sé rétt til hans boðað. Enn fremur segir í 5. gr. samþykktanna að stjórn félagsins skuli skipuð þremur félagsmönnum og hún fari með málefni félagsins milli aðalfunda. Í ákvæði þessu segir skýrt að formaður boði til stjórnarfunda en ekki er sérstaklega mælt fyrir um að formaður geti einn boðað til aðalfundar.

Þegar hinn umdeildi aðalfundur var boðaður voru, skv. vottorði fyrirtækjaskrár, Védís skráð sem formaður stjórnar og Sigrún meðstjórnandi (ásamt Viggó Karli Jóhannessyni sem er látinn). Það sem skráð er í fyrirtækjaskrá eru opinber gögn sem aðilar eiga að geta treyst að séu rétt. Fyrirtækjaskrá hafði ekki borist tilkynning um breytingu á stjórn félagsins fyrr en tilkynning um breytingu barst 2. júní 2025. Við þá tilkynningu var gerð athugasemd af starfsmanni fyrirtækjaskrár 12. júní 2025 sem fól í sér að halda þyrfti aðalfund til þess að hægt væri að kjósa og þá tilkynna um breytta stjórn félagsins. Þó að fyrir liggi fundargerð stjórnar frá 1. júní 2022, þar sem kemur fram að Sigrún segi af sér sem gjaldkeri og Sara tekur við, var ekki tilkynnt um breytingarnar til fyrirtækjaskrár fyrr en þann 12. júní 2025. Því voru breytingarnar ekki skráðar í fyrirtækjaskrá og hafa því ekki réttaráhrif gagnvart skránni né þriðja aðila. Það voru því tveir einstaklingar, Sigrún og Védís, sem sátu í stjórn félagsins 16. júní 2025 þegar hinn meinti aðalfundur, sem haldinn var 30. júní 2025, var boðaður. Við öflun gagna í málinu var fyrirtækjaskrá sent afrit af þessari fundargerð sem undirrituð er bæði af Védísi og Sigrúnu.

Þá hafa ekki borist upplýsingar eða gögn til fyrirtækjaskrár sem sýna að aðrir stjórnarfundir hafi verið haldnir á árunum 2022-2025.²

Það er óumdeilt að Védís, formaður félagsins, stóð ein að boðun hins meinta aðalfundar. Í röksemdum gagnaðila kemur fram að hún hafi staðið ein að honum í góðri trú þar sem hún taldi sig eina eftir í stjórn. Í samþykktum félagsins kemur fram að stjórn sé fjölskipuð. Ekki var búið að tilkynna fyrirtækjaskrá um aðra stjórn en var/er skráð. Fyrirtækjaskrá telur því að hinn 16. júní 2025, þegar aðalfundur var boðaður, hafi Védís og Sigrún verið tvær í stjórn Vorstjórnunnar.

Með hliðsjón af framangreindu telur fyrirtækjaskrá að boðun aðalfundar skuli fara fram af stjórn félagsins sem heild, en ekki af einstökum stjórnarmanni, nema sérstök heimild standi til þess í samþykktum félagsins, sem ekki á við í þessu tilviki. Þar sem stjórn félagsins var fjölskipuð á þeim tíma sem boðað var til fundarins, þar að taka ákvörðun um fundarboðun innan stjórnar og standa sameiginlega að henni.

Með vísan til alls framangreinds er það mat fyrirtækjaskrár að ekki hafi verið boðað til aðalfundar dags. 30. júní 2025, af þar til bærum aðilum né með þeim hætti sem krafist verður samkvæmt samþykktum félagsins og almennum meginreglum félagaréttar. Fundurinn telst því ólögmaður og þar með eru ákvarðanir sem þar voru teknar ólögmaðar. Af því leiðir að tilkynning um breytingu á stjórn Vorstjórnunnar, móttekin dags. 14. júlí 2025, sem byggð er á umræddum aðalfundi, uppfyllir ekki skilyrði laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá til skráningar. Það er því niðurstaða fyrirtækjaskrár að hafna skráningu tilkynningarinnar.

Ákvörðun:

Fyrirtækjaskrá Skattsins ákvarðar að aðalfundur Vorstjórnunnar hinn 30. júní 2025 hafi verið ólögmaður. Því mun fyrirtækjaskrá verða við kröfum málsbeiðanda um að hafna skráningu tilkynningar um breytingu stjórnar Vorstjórnunnar er barst fyrirtækjaskrá hinn. 14. júlí 2025. Byggir höfnun skráningarinnar á þeim grundvelli að ákvarðanir um þær breytingar hafi ekki verið teknar á lögmaðum aðalfundi félagsins, líkt og samþykktir félagsins gera ráð fyrir.

Athygli er vakin á því að ákvörðun sú sem hér er færður rökstuðningur fyrir, er hægt að kæra til atvinnuvegaráðuneytisins samkvæmt 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun þessi berst viðtakanda.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra

Auður H. Guðmundsdóttir

Matthildur Magnúsdóttir

² Sjá fundargerð sem málsbeiðandi sendi, dags. 10. júní 2022. Þar kemur fram að þann dag hafi Sigrún ásamt Védísi og Söru setið fund þar sem tekin voru fyrir málefni stjórnar Vorstjórnunnar. Fundargerðin er ekki undirrituð. Málsbeiðanda þykir þetta styrkja þann skilning að Sigrún hafi enn verið í stjórn þó hún væri ekki lengur gjaldkeri félagsins.